

# DÝRAVERND Í STJÓRNARSKRÁ

STJÓRNLAGARÁÐ 2011

A NEFND

TILLÖGUR OG GREINARGERÐ VEGNA ÁKVÆÐA UM DÝRAVERND Í STJÓRNARSKRÁ.

UNNIÐ AF STARFSHÓPI DÝRAVERNDARSAMBANDS ÍSLANDS OG SAMTAKA  
LÍFRÆNNNA NEYTENDA.

THE GREATNESS OF A NATION AND IT'S MORAL PROGRESS  
CAN BE JUDGED BY THE WAY IT'S ANIMALS ARE TREATED  
MAHATMA GANDHI

## A nefnd Stjórnlagaráðs 2011

### Ofanleiti 2

#### 103 Reykjavík

##### Efni: Ákvæði um dýravernd í stjórnarskrá

Ágæta A nefnd!

Á 10. ráðsfundi 25. maí sl. kynnti A nefnd tillögu um dýraverndarákvæði í stjórnarskrá.

Dýraverndarsamband Íslands (DÍ) og starfshópur Samtaka lífrænna neytenda (SLN), Velferð búfjár láta sig dýravelferð varða og búa yfir viðtækri þekkingu á þessu sviði.

DÍ eru fjölmenn landsþekkt samtök sem starfrækt hafa verið síðan 1918. Formaður þeirra er dr. Ólafur R. Dýrmundsson. Vefsíða [www.dyravernd.is](http://www.dyravernd.is)

SLN voru stofnuð í Norræna húsinu 7. mars sl. og eru meðlimir nú um 120. Fulltrúi framkvæmdanefndar er Oddný Anna Björnsdóttir. Vefsíða [www.lifraen.is](http://www.lifraen.is)

Á fundi starfshóps SLN - Velferð búfjár 31. maí sl. var tillaga A nefndar rædd. Niðurstaðan var sú að koma á framfæri ábendingum til nefndarinnar um bætt orðalag tillögunnar. Ákveðið var að DÍ og SLN sameinuðust í starfshópi að því verkefni og voru undirrituð tilnefnd til þess verks.

Starfshópurinn telur sérstaklega mikilvægt að viðurkennt verði í stjórnarskrá að:

**dýr eru skyni gæddar lífverur**

og

**manninum er skyld umgangast dýr af virðingu og virða tilverurétt þeirra**

Starfshópurinn vill koma eftirfarandi uppástungum að orðalagi á framfæri af þessum tilefni:

1. Dýr eru skyni gæddar lífverur.
2. Dýr búa yfir þróaðri tilfinningagreind og sjálfsvitund og eru því skyni gæddar verur.
3. Lágmarka skal röskun á eðlislægum þörfum dýra einkum þeirra sem maðurinn hefur í umráðum sínum.
4. Manninum er skyld að sjá til þess að eðlislægum þörfum dýra sem hann hefur á forræði sínu sé fullnægt.

5. Manninum ber að tryggja að dýrum, villtum sem tömdum, sé ekki haldið við þvingandi og kvalafullar aðstæður.
6. Manninum ber að stuðla að verndun villtra dýra og tryggja að kjörlendi þeirra sé ekki spillt.

## **Greinargerð með tillögu starfshóps Dýraverndarsambands Íslands og starfshóps Samtaka lífrænna neytenda Velferð búfjár.**

Þegar hugað er að nýrri lagasetningu er mikilvægt að gera sér grein fyrir að hverju er stefnt með slíku verki. Um þetta er m.a. fjallað í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa.<sup>1</sup> Á bls. 9 í því riti kemur m.a. fram eftirfarandi:

Að jafnaði ætti ekki að hefjast handa við samningu frumvarps fyrr en farið hefur fram mat á nauðsyn lagasetningar. Í slíku mati er rétt að lýsa úrlausnarefni og bakgrunni máls, þeim markmiðum sem að er stefnt, rekja stuttlega réttarástand á viðkomandi sviði og fjalla eftir atvikum um erlendar skuldbindingar, lýsa kostum og göllum þeirra leiða sem til greina koma, þ.m.t. þeirrar leiðar að aðhafast ekkert, og rökstyðja að lokum hvers vegna lagasetning sé nauðsynleg og gera nánar grein fyrir meginútfærslu sem lögð er til

Í greinargerð þessari verður ofangreindum tilmælum ekki fylgt til hins ýtrasta heldur verða þau höfð til viðmiðunar. Hópurinn tekur hins vegar undir það mat margra að lög og siðferði séu tveir samofnir þættir og mun byggja málflutning sinn á mikilvægum tengslum þessa. Fyrst verður fjallað um lagalega þáttinn síðan um þann siðferðilega.

### **Lagalegi þátturinn**

1. mgr. 31. gr. núverandi tillögu A nefndar hljóðar svo: Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrymingu. Engar athugasemdir eru gerðar við 2. mgr. greinarinnar.

---

<sup>1</sup> Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Útgefandi forsætisráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og skrifstofa Alþingis, Nóvember 2007. Aðgengilegt á vefsíðónni: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2822>

Hópurinn telur fyrri hluta ákvæðisins „Með lögum skal kveðið á um vernd dýra“ óþarfán enda hefur verið kveðið á um vernd dýra í lögum á Íslandi síðan 1869. Frá 1915 hefur löggjafinn auk þess sett þrenn rammalög um dýravernd. Dýravernd hefur því verið lögbundin hér á landi í 142 ár og litlar lýkur verður að telja á stefnubreytingu, dýrum í óhag af hálfu löggjafans í framtíðinni. Hann hefur því sinnt hlutverki sínu af miklum sóma hvað varðar þennan málaflokk. En það hefur ekki dugað til.

Aðeins ein rannsókn hefur farið fram á réttaráhrifum og framkvæmd dýraverndarlaga á Íslandi. Það er rannsókn Árna Stefáns Árnasonar sem skrifaldi meistararitgerð um efnið við lagadeild Háskólans í Reykjavík haustið 2010. Helsta niðurstaða þeirrar ritgerðar er að mikið skortir á að þáttur framkvæmda- og dómsvalds sé í samræmi við gildandi dýraverndarlöggjöf.

Undir þá skoðun hafa margir tekið þ.á.m yfirdýralæknir og fleiri aðilar, sem láta sig dýravernd varða. Í fyrrnefndri ritgerð er sýnt fram á að íslenskum dýraverndarlögum sé ekki áfátt efnislega. Brotalamirnar sé hins vegar að finna hjá framkvæmda- og dómsvaldi. Í dýraverndarlögum er að finna allar þær heimildir, sem þarf til að tryggja dýrum það velferðarstig, sem er mannsæmandi í siðuðu réttaríki. Það sé hins vegar ekki gert og sýnt er fram á það með fjölmörgum dæmum í ritgerðinni. Hún er aðgengileg í endurútgáfu frá 11. mars sl. og heitir Hin leynda þjáning búfjár á Íslandi – um réttaráhrif og framkvæmd dýraverndarlaga. Slóðin er:

<http://www.arnistefan.com/ritgerd/arnistefan-master.pdf>

Þrátt fyrir að velferðarhagsmunir dýra, einkum búfjár eigi að heita tryggðir á Íslandi eru engar vísbindingar um að hagur þeirra hafi farið batnandi undanfarin ár þrátt fyrir tilvist settra laga, sem eiga að tryggja þeim þann rétt. Þvert á móti hafa stjórnvöld ekkert brugðist við ábendingum um bágan hag margra þeirra og að það megi rekja til þess að dýraverndarlögum sé ekki fylgt. Dæmi um það eru aðbúnaðarreglugerðir fyrir búfé, sem fullyrða má að séu ekki í samræmi við lögbundin rétt dýra. Sýnt er fram á það í fyrrnefndri ritgerð. Þar hefur þáttur framkvæmdavalds brugðist, einkum ráðherra. Þá hafa uppkveðnir dómar vakið furðu og hneykslan margra með tilliti til alvarleika margra brota. Um þetta er jafnframt fjallað í fyrrnefndri ritgerð.

Aukin umfjöllun um alvarleikan, sem við blasir í velferðarmálum dýra og sinnuleysi framkvæmdavalda hafa og dómsstóla hefur orðið til þess að stofnuð hafa verið ný samtök á undanförnum mánuðum hér á landi, sem hafa einsett sér að berjast fyrir bættum aðbúnaði búfjár á Íslandi. Þá hefur fjölmíðlaumræða verið talsverð og tíð.

Það ástand, sem hér hefur verið lýst hefur verið við lýði frá upphafi löggjafar um dýravernd en farið versnandi með tilkomu svokallaðs verksmiðjubúskapar á Íslandi. Með honum og skv. þeim aðbúnaðarreglugerðum sem honum er gert að fylgja er svo verulega þrengt að dýrum að mörgum hryllir við.

Í gildandi lögum um dýravernd er það skyrt tekið fram að tryggja skuli dýrum eðlilegt frelsi til hreyfingar samkvæmt viðurkenndri reynslu og þekkingu sbr. 2 .mgr. 2. gr. dýraverndarlaga nr. 15/1994. Ekkert er um þetta skeytt í aðbúnaðarreglum marga tegunda búfjár. Þá kemur fram í 19. gr. dýraverndarlaga að stórfellt brot geti varðað fangelsi allt að tveimur árum. Fjöldi stórfelldra brota hefur átt sér stað á Íslandi að mati sérfræðinga í dýravelferð þ.á.m yfirdýralæknis og dýralækna. Hámarksrefsing hefur yfirleitt verið lág fjársekt.

Svona má lengi halda áfram. Að mati hópsins er tímabært að kveða á um dýravernd í stjórnarskrá. Það mun styrkja stöðu málleysingjanna í framkvæmd dýraverndarlaga og vonandi ýta við dómstólum. Einnig myndi það hnykkja á því mikilvæga hlutverki, sem maðurinn hefur í umgengni sinni við dýr. Það hlutverk er að koma fram við þau eins og skyni gæddar lífverur á sama hátt og hann álítur mikilvægt í umgengni við sína eigin tegund og þegar hefur verið lögfest sem mannréttindaákvæði í stjórnarskrá. Þar má nefna 68. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að engan megi beita pyndingum né annarri ómannuðlegri eða vanvirðandi meðferð, þá er nauðungarvinna gerði óheimil í sama ákvæði. Það er skoðun hópsins að þessi sjónarmið eigi allt eins við um dýr en auðvelt er að rökstyðja og sýna fram á ómannuðlega eða vanvirðandi meðferð og nauðungarvinnu hjá mörgum tegundum íslensks búfjár eins og aðbúnaðarreglur hljóða í dag. Á það einkum við í alifuglaeldi, alisvínarækt, loðdýrarækt og hjá mjólkurkum.

## **Siðferðilegi þátturinn**

### **Almennt**

Maðurinn hefur afgerandi áhrif á allt náttúru- og dýralíf. Hvergi eru þessi áhrif eins viðtæk og hafa jafn alvarlegar afleiðingar og í landbúnaði og dýraeldi hverskonar. Segja má að þar hafi maðurinn tekið sér altækt vald varðandi þau dýr sem hann heldur sér til viðurværis eða félagsskapar. Hann ræður því hvaða einstaklingar lifa, hve lengi og hvernig. Ábyrgð mannskepnunnar er því mikil og gera þarf ríkar siðferðilegar kröfur varðandi aðbúnað og velferð húsdýra, ekki síst eldisdýranna, sem oftar en ekki búa við þvingandi aðstæður þann tíma sem þau

draga lífsandann. Síkar aðstæður eru oftar en ekki tilkomnar vegna krafra framleiðenda og neytenda um arðsemi og lágt verð dýraafurða. Það er því óboðlegt mannlegri reisn að láta dýrin gjalda fyrir slíkt með langvarandi kvalræði og áþján. Sú er raunin á Íslandi í dag og hefur verið undanfarna áratugi.

### **Náttúru- og tilfinningagreind**

Dýrategundirnar, þar með talin maðurinn, eru afrikstur árbilljóna þróunar lífs á jörðinni. Í geysilangri jarðsögunni hafa dýrategundirnar þróað með sér eiginleika, bæði vitsmunalega og líkamlega, sem gera þeim kleift að lifa af í því umhverfi sem þeim er búið hverju sinni. Náttúrugreind og sjálfsvitund eru þeir sterku lífshvatar sem miklu ráða varðandi afkomu og þróun tegundanna.

Dýrin nota eðlisþróaða náttúrugreind sína til að skynja og skilgreina umhverfi sitt, velja sér fæðu og búsetu við hæfi og greina aðsteðjandi hættur. Sjálfsvitund, forvitni, ótti og sársaukaskyn eru lykilþættir varðandi afkomufærni dýra og manna. Dýrin eru því á sama hátt og maðurinn skyni gæddar verur og bera að meðhöndla til samræmis við það.

### **Landbúnaður og dýraeldi**

Á undangengnum hundrað árum, hefur landbúnaður og dýraeldi tekið stórstígum breytingum. Framleiðslueiningar hafa stækkað gífurlega og útiganga eldisdýra hefur að sama skapi verið takmörkuð það mikið að í raun er um verksmiðjuframleiðslu að ræða og dýrin því miður oft meðhöndluð sem skynlausar afurðaeiningar. Í slíkum rekstri er sífellt þrengt að eldisdýrunum og eðlislægum þörfum þeirra varðandi rými, hreyfingu og aðbúnað er ekki sinnt þrátt fyrir lagaáskilnað um slíkt. Mörg þeirra koma aldrei út undir bert loft á skammri ævi, sjá aldrei sólarljós og oft á tíðum er skelfilegum aðferðum beitt við aðgerðir á þeim og við aflífun þeirra. Þrýstingur varðandi útflutning eldisdýra á fæti til annarra menningarsvæða eykst en þar bíða þeirra oft grimmúðlegar aflífunaraðferðir, aðferðir sem hér á landi eru eða eiga að vera bannaðar. Það virðis engu að síður staðreynd að hagsmunir framleiðenda hafi forgang umfram síðferðislegar skyldur mannsins varðandi aðbúnað og velferð eldisdýranna. Við því þarf að bregðast með veglegri réttarbót í nýrri stjórnarskrá Íslands varnarlausum málleysingjunum til miskunnar.

## **Almenn umfjöllun**

Lítið fer fyrir almennri umfjöllun um aðstæður og aðbúnað eldisdýra. Þrátt fyrir fjölbreytt úrval dýralífsmynda og veglegs dagskrártýmis í sjónvarpi, er myndefni sem sýnir raunverulegar aðstæður dýra í landbúnaði og verksmiðjubúskap ekki talið boðlegt afþreyingarefnini. Þar er ekki átt við myndefni sem sýnir slátrun eldisdýra heldur einungis myndefni sem sýnir daglegar aðstæður og aðbúnað þeirra. Það er jafnvel svo að framleiðendur dýraafurða loki af eldisbú sín og banni allan aðgang að þeim, þar á meðal aðgang þeirra sem með tilliti til dýraverndarsjónarmiða vilja kanna aðstæður eldisdýranna. Það eitt gefur til kynna að þar sé ekki allt með felldu.

Neytendur dýraafurða veigra sér við því að taka siðferðilega afstöðu til aðbúnaðar eldisdýra því þeir neyti hvort eð er afurða þeirra og þau falli því í valinn í þeirra þágu. Sömuleiðis fer lítið fyrir umfjöllun um aðbúnað og velferð eldisdýra í fjölmöldum. Liklegt að þar ráði hagsmunir útgefenda varðandi auglýsingatekjur frá framleiðendum og seljendum dýraafurða. Eldisdýrin eiga sér því fáa málsvara og þurfa þar af leiðandi afgerandi réttarbót sér til varnar.

## **Friðþæging mannsins**

Maðurinn hefur í gegnum árbúsundin tileinkað sér það viðhorf að dýrin séu skynlausar skepnur og þeim megi ráðstafa að vild. Þrátt fyrir það eru vísbendingar um hið gagnstæða svo sterkar að manninum ber siðferðisleg skylda til þess að láta dýrin njóta vafans. Þeir sem umgangast dýr og hafa verið viðstaddir slátrun þeirra eða þegar á þeim eru framkvæmdar aðgerðir vita hve skelfd þau eru og reyna til hins ýtrasta að forðast sársauka og komast undan kvalræðinu.

Þrátt fyrir að dýrin segi það ekki berum orðum að þau þjáist, gefa þau það svo sannarlega til kynna með látblagði sínu og hljóðum. Það sama gerir mannskepnan. Það er því með öllu óboðlegt í siðuðu samfélagi að maðurinn gefi sér það í friðþægingarskyni að með dýrin megi fara að vild og þau séu algjörlega ónæm og skynlaus gagnvart illri meðferð.

## **Bætt réttarstaða dýra**

Ef bæta á hlutskipti dýra einkum eldisdýra og veita þeim varnarlausum skjól og vernd gegn grimmúðlegri meðferð þarf öfluga löggjöf þeim til handa. Þrátt fyrir að löggjöf um dýravernd hafi verið í gildi á Íslandi í langan tíma hefur styrkur hennar ekki reynst nægur í framkvæmd. Þann styrk er hægt að efla með ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins sem kveður á um réttindi dýra og skyldur mannsins gagnvart þeim.

## **Siðferðisleg rök fyrir bættri réttarstöðu dýra**

Samkvæmt framansögðu telur starfshópurinn að til staðar séu óræk siðferðileg rök fyrir því að í nýrri stjórnarskrá Íslands verði til staðar afgerandi ákvæði er bæti núverandi réttarstöðu dýra.

Helstu siðferðilegu rök fyrir því telur starfshópurinn vera:

- **dýr búa yfir tilfinningum og sjálfsvitund á líkan hátt og mannskepnan:**
  - þau skynja ótta og sársauka, áþján og vanliðan
  - þau skynja gleði og vellíðan, umhyggju og nærgætni
  - þau hafa sjálfsvitund og skynja stöðu sína innan hóps
  - þau eru forvitin og athugul
  - þau eru skyni gæddar verur og ber að umgangast sem súlikar
- **tilfinninga- og náttúrugreind dýra og manna er grundvöllur þróunar tegundanna:**
  - hún gerir þeim kleift að lifa af í náttúrunni
  - hún er helsti hvati sjálfsbjargarviðleitni þeirra og lífsvilja ásamt óttatilfinningu og sársaukaskyni
  - hún er grunnur lífsréttinda þeirra og frelsis undan áþján og kvalræði
- **sökum stöðu sinnar í lífríkinu ber maðurinn ríkar siðferðislegar skyldur gagnvart öllu lífi:**
  - honum ber sérstaklega að huga að velferð dýra sem hann hefur í umsjá sinni
  - honum ber að huga að eðlislægum þörfum dýra sem hann hefur í umsjón sinni
  - honum ber að sjá dýrum sem eru á hans forræði fyrir skjóli og næringu við hæfi
  - honum ber að stuðla að verndun villtra dýra og tryggja að kjörlendi þeirra sé ekki spillt
  - honum ber að tryggja að villtum dýrum sé ekki haldið við langvarandi þvingandi aðstæður, t.d. í búrum og í dýragörðum

Það er von starfshópsins að Stjórnlagaráð 2011 sjái ástæðu til þess að taka þessi atriði til skoðunar og stuðli þannig að löngu tímabærum framförum í dýravernd á Íslandi á sama hátt og aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til í sínum stjórnarskrám þ.a.m. Þýskaland og Indland. Hópurinn eða fulltrúar hans eru tilbúnir til að útskýra sjónarmið sínum skv. samkomulagi. Tengiliður hópsins er Árni Stefán Árnason, rafpóstur [arnistefan@talnet.is](mailto:arnistefan@talnet.is). Farsími: 695 2662

Reykjavík 30. júní 2011

Árni Stefán Árnason  
lögfræðingur (SLN)

Oddný Anna Björnsdóttir  
viðskiptafræðingur (SLN)

Dr. Helga Ögmundardóttir  
mannfræðingur (DÍ)

Óskar Halldór Valtysson  
áhugamaður um dýravernd (DÍ)